

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

74. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 11.maí 2023.

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Magnús S. Magnússon, Birgir Örn Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Fundargerð:

Formaður setur fundinn.

1. Staða fjármála.

- Formaður fór yfir rekstur síðustu mánuði og er rekstur er samkvæmt áætlun. Samningur við Sjúkratryggingar Íslands samþykktur og slökkviliðsstjóra falið að undirrita samninginn.

2. Húsnæðismál í Grindavík.

- Búið er gera tilboð í tvö ný iðnaðarbil við Ufsasund 2 í Grindavík undir sjúkrabílinn í Grindavík. Er áætlað að það verði tilbúið í byrjun september.
- Stjórn **samþykkir** kaupin og felur slökkviliðsstjóra að ganga frá kaupunum.

3. Skýrsla sl.stjóra.

Brunar:

Liðinn mánuður er nokkuð sérstakur vegna tveggja skipsbruna og bruna í einbýlishúsi. Það eru fjölmörg ár liðin frá því að við höfum fengið bruna af þessum toga með svo stuttu millibili.

Í þessum útköllum hefur komið í ljós að við erum í raun undirmannaðir þegar stór útköll eru í gangi og þegar á sama tíma er fjöldi sjúkraflutninga sem þarf að sinna, en það kemur alltaf betur í ljós þegar mikið liggur við hversu þéttan og góðan hóp starfsmanna við höfum til þess að leysa þessi krefjandi verkefni.

Til þess að bregðast við höfum við stigið skref til þess að fjölga í varaliði BS og er sá hópur að fara nú í maí á námskeið í slökkvifræðum og mun taka bakvaktir í sumar um helgar.

Æfingar:

Laugardaginn 20. maí er stefnt að stórri æfingu með öllum starfsmönnum, þar sem æfð verður, slökkvistörf, efnaköfun og viðbrögð við bíslýsum, Unnið verður í þrem hópum og eru í raun um þrjár æfingar að ræða sem mun standa allan daginn og ljúka með grillveislu.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

4. Önnur mál.

a. Myndband, bruninn í Grímsnesinu.

Fundi slitið kl. 17:15